

Fyrirspurn

til menningar- og viðskiptaráðherra um skuldbindingar vegna stöðlunar.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

- Hvernig hyggst ráðherra bregðast við ákalli Staðlaráðs Íslands um að ríkið skili umsamiðni hlutdeild í tryggingagjaldi sem atvinnulífið greiðir til staðlastarfs?
- Hefur þjónustusamningur við Staðlaráð, sem rennur út um næstu áramót, verið endurnýjaður? Ef ekki, hefur ráðherra í hyggju að tryggja áframhaldandi rekstur ráðsins þannig að það geti uppfyllt lögbundnar kröfur til þess?
- Hyggst ráðherra tryggja að skuldbindingum Íslands á sviði stöðlunar samkvæmt EES-samningnum verði fullnægt? Ef svo er, hvernig verður þeirri tryggingu háttað?

Skriflegt svar óskast.